

## Kennslumat í fjarnámi á haustönn 2023

Kennslumat fjarnáms var opið frá 21. nóvember og út önnina. Eins og á vorönn þá var könnunin opin öllum nemendum í öllum áföngunum 87. Þátttakan var verri en á vorönn þrátt fyrir að henni hefði verið deilt í gegnum allar áfangasíður í Moodle-kennsluumsjónarkerfinu. Alls tóku þátt 101 af 1252 nemendum eða 8% fjarnema. Viðmiðunardagsetning í talningu allra nemenda var 11. nóvember. Alls bárust svör frá nemendum í 62 áföngum af 87 (71%).

Könnunin fór fram í gegnum Microsoft Forms og var einungis aðgengileg nemendum skólans. Könnuninni var dreift af fjarnámsstjóra með tölvupósti og sem hlekkir efst á Moodle-síðum allra áfanga. Nokkrir hvatningarpóstar voru sendir út til nemenda um að svara könnuninni.


Spurningarnar voru eftirfarandi

1. Námsáætlun áfangans er skýr
2. Áfanginn er vel skipulagður
3. Gagnvirk próf og verkefni auðvelda mér að fylgjast með námsframvindu minni
4. Kennarinn svarar fyrirspurnum fljótt og greiðlega
5. Kennarinn skilar verkefnum fljótt
6. Kennarinn skilar verkefnum með leiðbeiningum og góðum athugasemdum
7. Kennari sendir reglulega leiðbeinandi skilaboð sem auðvelda mér námið
8. Ég mæli hiklaust með áfanganum við aðra nemendur
9. Gefðu áfanganum einkunn á bilinu 1 - 10
10. Hvað finnst þér best við áfangann?
11. Hvað má laga í áfanganum?
12. Hver er aldur þinn í árum?
13. Ertu í öðru námi á önninni en fjarnámi FÁ?

Spurning sjö var ný af nálinni og spurningu tíu var breytt þannig að henni var eingöngu beint að áfanganum en ekki náminu almennt eins og að vori. Aðrar breytingar voru lítilsháttar orðalagsbreytingar.

## Dreifing í fjölda þátttakenda

Eins og á vorönn þá voru þátttakendur í hverjum áfanga frekar fáir og því ekki hægt að gefa kennurum endurgjöf nema í undantekningartilvikum.




Í 25 áföngum af 87 svaraði enginn nemandi könnuninni og í 23 áföngum einungis einn sem þýðir að í 55% tilvika bráust 0-1 svar við könnuninni.


## Niðurstöður spurninga 1-8

Hér á eftir koma svo niðurstöður hverrar spurningar fyrir sig. Nemendur voru að mestu leyti sammála fullyrðingunum.

### Spurning 1




### Spurning 2




Spurning 3

Gagnvirk próf og verkefni auðvelda mér að fylgjast með námsframvindu minni




Spurning 4

Kennarinn svarar fyrirspurnum fljótt og greiðlega




Spurning 5

Kennarinn skilar verkefnum fljótt




Spurning 6

Kennarinn skilar verkefnum með leiðbeiningum og góðum athugasemdum




Spurning 7

Kennari sendir reglulega leiðbeinandi skilaboð sem auðveldar mér námið



Spurning 8

Ég mæli hiklaust með áfanganum við aðra nemendur



### Rýnt í niðurstöður spurninga 1-8.

Þegar spurningunum er raðað í röð eftir því hve sammála (mjög eða frekar) nemendur eru þeim, kemur í ljós að nemendur eru mest sammála því að námsáætlun áfangans sé skýr, en síður sammála spurningum um endurgjöf og skilaboð frá kennurum.


Spurning	Sammála	Veit ekki/vil ekki svara	Ósammála
Námsáætlun áfangans er skýr	91%	1%	8%
Áfanginn er vel skipulagður	82%	6%	11%
Gagnvirk próf og verkefni auðvelda mér að fylgjast með námsframvindu minni	79%	7%	13%
Kennarinn svarar fyrirspurnum fljótt og greiðlega	73%	14%	13%
Kennarinn skilar verkefnum fljótt	71%	14%	15%
Kennari sendir reglulega leiðbeinandi skilaboð sem auðvelda mér námið	69%	8%	23%
Ég mæli hiklaust með áfanganum við aðra nemendur	68%	15%	16%
Kennarinn skilar verkefnum með leiðbeiningum og góðum athugasemdum	65%	18%	15%

Hlutfallslega færri gátu mælt með áföngunum (68%) en vildu mæla með fjarnáminu almennt á vorönn 2023 (79%).

### Niðurstöður spurningar 9

Að meðaltali gáfu nemendur áföngum sínum einkunnina 7,6 og var miðgildið 8,0 alveg eins og á vorönninni 2023. Fjórðungamörk færðust lítið eitt til en 25% nemenda gaf áföngum sínum einkunnina 6,0 eða minna en 42,9% einkunnina 9-10.

Einkunnir sem nemendur gáfu áföngunum sínum í kennslukönnun fjarnáms haustið 2023



## Niðurstöður spurningar 10

Þegar nemendur eru spurðir um það hvað þeim þótti best við áfangann þá nefna þeir gjarnan kennarann, uppsetningu áfangans á Moodle, sveigjanleika og áminningar frá kennurum. Hér á eftir fara nokkur dæmi um svör

- *hvetjandi kennari, skýrt og vel skipulagt námsefni.*
- *Ótrúlega vel upp sett, skilmerkilegt og skýrt að öllu leiti. Áhugi X skýn svo í gegn og skilar sér í frábærlega vel gerðum áfanga.. Hef sennilega aldrei verið í áfanga sem hefur kveikt eins mikinn áhuga.*
- *Skemmtileg verkefni , áhugavert kennsluefni og kennarin minnir mann á verkefni.*

## Niðustöður spurningar 11

Þegar nemendur eru spurðir um hvað betur megi fara í áföngunum þá nefna þeir skipulag, uppsetningu á Moodle og endurgjöf kennarans.


Hér á eftir fara nokkur dæmi um svör nemenda:

- *Það má skipuleggja betur námsáætlunina og það hressa uppá Moodle, endurraða og skipuleggja námsefnið betur*
- *Allt of mikið af glærum og of fáar lotur. Efninu mætti skipta niður í fleiri kafla til að auðvelda nemendum að hafa yfirsýn með öllu þessu efni.*
- *Það mætti gefa fleiri athugasemdir um hvað má bæta og hvað sé vel gert og einnig væri gott að sjá réttu svörin úr prófunum svo hægt sé að læra af mistökunum sínum. Það væri líka ágætt að hafa síðuna aðeins skipulagðari.*



## Niðurstöður spurningar 12


Aldursdreifing svarenda var lík þeirri sem kom fram á vorönn. Langbesta þátttakan var hjá elstu nemendum en 44% svarenda voru eldri en 30 ára en þessi hópur er 25% fjarnema.




Þátttaka nemenda á framhaldsskólaaldri (16-23 ára) var verst eins og á vorönn. Þessi hópur taldi 36% nemenda en er einungis 26% svarenda.

### Niðurstöður spurningar 13

Yfirgnæfandi meirihluti svarenda var ekki í öðru nám en fjarnámi við FÁ eða 63%. Rúmlega 20% var í einhvers konar framhaldsskólanámi í FÁ, öðrum skóla eða iðnnámi og rúmlega 10% í grunnskóla.



## Fjöldi áfanga sem fjarnámsnemendur skráðu sig í



Myndin hér að ofan sýnir fjölda áfanga sem nemendur skráðu sig í í fjarnámi. Rúmlega 70% nemenda skráðu sig í 1-2 áfanga eins og á vorönninni.

### Lokaorð

Þátttakan í kennslumati haustið 2023 var lítið eitt verri en á vorönninni 2023 þrátt fyrir að hlekkur á könnunina hafi verið settur inn í alla Moodle-áfanga. Einna helst er útkoman góð þegar horft er til þess að svörin koma nokkurn vegin frá öllum áföngum eða 71% þeirra. Þar sem rúmlega 70% nemenda eru í 1-2 áföngum og 47% áfanga eru í einungis einum þá getur það varla verið íþyngjandi fyrir nemendur að svara þessari könnun. Það er verkefni okkar sem stöndum að fjarnáminu að hækka þátttökuhlutfallið.

Nemendur gefa fjarnámsáföngum skólans góða einkunn eins og fyrri annir. Þeir eru ánægðastir með skipulagið og námsáætlun en síður með skilaboð og endurgjöf frá kennurum.

Reykjavík í janúar 2024

Unnar Þór Bachmann  
Gæðastjóri

